

Laxamýri 1934 Goðabraut 6 Lnr: 151471 Fnr: 215-4814

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 304 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 10,2 – b: 6,4 – h: 4,6). Einnar hæðar timburhús og ris. Hæðin sex herbergi, gangur og tvær forstofur. Málað eða veggfóðrað að mestu. Risið ófrágengið.

(l: 3,8 – b: 2,6 – h: 2,2). Bárujárnsskúr áfastur íbúðarhúsinu, innanþiljaður. Miðstöðvarhitun í íbúðarhúsinu. Steinólfa til ljósa (okt. 1934).



(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1 ha. Girt með gaddavír leigulóð. Hús 7,5 x 6,25 m. Hæð frá grunn 3,3 m. Rishæð 2,0 m. 1 kvistur. Hús af steinsteypu. Þak af timbri pappklætt. Gólf, loft og skilrúm af timbri.

2 íbúðir, 2 herbergi í hvorri. Ofnar og einn steiptur reykþáfur. Rakalaust og hlýtt.

Byggt 1925. eigandi Sigurjón Baldvinsson, Dalvík.

Útihús steiptur skúr með járnþaki áfastur við íbúðarhús 3,9 x 3,6 m, fjós.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Tvílyft steinhús, þiljað að innan. Húsið eyðilagðist – óíbúðarhæft. Húsvilltir; 9 manns. Húsráðendur; Sigurjón Baldvinsson og Oddnú Baldvinsdóttir.



Stutt saga húss:

(Spjall við Kollu Páls 27.10.2012).

Gamla Laxamýri var byggð af Sigurjóni Baldvinsyni eftir að eldra steinhúsið sem eyðilagðist í jarðskjálftanum var rífið. Sigurjón endurbyggði húsið úr timbri en ekki á gamla grunninum, heldur rétt suð-austanvið húsið sem hrundi. Þeir Páll Sigurðsson og Finnur Sigurpálsson keyptu síðan húsið af Sigurjóni árið 1939 og það er forskalað um 1940. Það var Halldór Sigfússon (Dóri Sikk) sem vann það verk. Göt voru höfð á múrhúðuninni neðst til að loftræsa, en einhvertíma á ferlinum var þessum götum loka og trúlegt að þá hafi húsið farið að fúna. Þeir seldu Jóni Gunnlaugssyni frá Melur húsið, hann selur Jóhanni Þorleifssyni og þau búa þar systkinin Jóhann, Guðrún og Björg þar til að Þórarinn bróðir þeirra fær húsið eftir að þau eru bæði dáin Jóhann og Guðrún. Þórarinn á svo húsið í mörg ár eða þar til Bjarni og Heiða kaupa.



Athugasemd við hús:

Gamla Laxamýri er byggð 1925 en eyðileggst alveg í jarðskjálftanum og er rífið. Á grunninum þess var svo byggt að mestu nýtt einnar hæðar hús úr timbri. Það hús var síðan forskalað einhverjum árum seinna. Þannig stóð húsið nokkuð óbreitt í um 60 ár, eða þar til Bjarni Gunnarson og Aðalheiður Símanardóttir kaupa það 1992. Þau rifu húsið að mestu til grunna og hófust svo handa við að byggja það upp að nýja. Gólfíð, sem var timburgólf og nokkuð sígið, var fjarlæggt og nýtt timburgólf sett í staðinn. Allar uppistöður og panell sem nýtanlegur var, var látið halda sér svo og loftbitar. Skipt var um fótstykki sem fúin voru. Staðsetning glugga er sú sama og áður en gluggarnir sjálfir nýir. Risið sem var lágt og ekki nýtanlegt var lyft til muna og gert íbúðarhæft. Fjórir kvistir settir, tveir hvoru megin. Inngönguskúr á bakhlíð hússins sem hafði verið byggður milli 1970 og 80 úr Dalvíkurvíkri, var látinn standa en einangraður og sett á hann skúrþak. Gerður var forstofa framan á húsið með valmaþaki

sem ekki hafði verið áður. Húsið allt einangrað, klætt pappa og sett ný liggjandi vatnslæðning. Hönnuður verksins og yfirsmiður var Hólmsteinn Snædal.

Húsið átti á undan þeim Þórarinn Þorleifsson (Tóti Þorleifs) í nokkuð mörg á. Þar á undan

Athugasemd við umhverfi húss:

Laxamýri stendur á 339,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur skakkt við götulínu og í samhendi við önnur húsa við Goðabraut, en hinsvegar snýr það rétt og í samræmi við húsini í Sognstúni, enda var það byggt samkvæmt skipulagi sem þá var í gildi.



Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1934-	Sigurjón Baldvinsson Oddný Baldvinsdóttir.	
1939-1948	Páll Sigurðsson Hallfríður Sigurjónsdóttir	Kolbrún (1937)
1939-1948	Finnur Sigurpálsson Ásdís Jónsdóttir	
1948-	Jón Gunnlaugsson (frá Melum)	
1950-	Þorleifur Jóhannsson Rósa Davíðsdóttir	
-1999	Jóhann Þorleifsson Guðrún Þorleifadóttir Björg Þorleifsdóttir	
-1999	Þórarinn Þorleifsson Ingibjörg Jónsdóttir	
1992-2004	Bjarni Gunnarsson Kristín A Símonardóttir	Anna Margrét (1991) María (1993) Bríet Brá (2000)
2004-2006	Salmon Inversiones	
2006-2010	Auður Hansen	
2010 og enn	Páll Sigurþór Jónsson	

Laxamýri 2. Goðabraut 8. 1947

(Landnúmer: 151472 Fastanúmer: 2154815) Ásdís Jónsdóttir.

(Landnúmer: 151472 Fastanúmer: 2154816) Sigríður Dóra Friðjónsdóttir.

Fundargerð 15 ágúst 1947:

Beiðni að húsbyggingu til íbúðar frá Páli Sigurðssyni og Finni Sigurpálssyni Laxamýri á lóð milli Laxamýri og Prastarhóls. Uppdráttur fylgdu.

Byggingarnefnd samþykkti að veita leyfið að því tilskyldu að uppdrættirnir væru lagfærðir með tilliti til afstöðu hússins við götuna.



Fundargerð 22. maí 1948:

Bréf frá stjórn Byggingarfélags verkamanna þar sem félagið sækir um byggingarleyfi fyrir 4 einbýlishús á lóðunum nr. 13 og 15 við Bjarkarbraut, nr. 8 við Goðabraut og nr. 4 við Stórhólsveg, öll eftir sömu teikningu og lá hún fyrir, þá kom fram að stjórn B.V. hafði hugsað sér smá breytingar á uppdrættinum. Samþykkt á fundi þann 14. sept. með áörnum breytingum.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi efri hæð Hallfríður Sigurjónsdóttir og neðri hæð Ásdís Jónsdóttir. Útveggir steinsteyptir, valmaþak járnklætt efsta plata steinsteypt svo og öll gólf, skilrúm og stigar. Neðri hæð skipt í 6 herbergi, forstofu og gang með uppgöngu á efri hæð. Alls 248,6 m².

Efri hæð skipt í 7 herbergi, forstofu og gang. Alls 303,8 m³. Þar af 27,6 m³ á neðri hæð.

Stærð: 10,00 x 5,70 x 5,80 og 8,50 x 4,50 x 5,80.



Stutt saga húss:

Byggingarleyfi fyrir Laxamýri 2 (Goðabraut 8) sem þeir Páll Sigurðsson og Finnur Sigurpálsson í Laxamýri höfðu sótt um, var veitt á fundi byggingarnefndar þann 15. ágúst 1947, "að því tilskyldu að uppdrættirnir væru lagfærðir með tilliti til afstöðu hússins við götuna". Ekki varð að byggingu þá en árið eftir sækir byggingafélag verkamanna um sömu lóð og fær hana á fundi 22. maí 1948. Teikning eftir Halldór Halldórsson. Húsið er steinsteypt og einangrað með reiðing innan á vegginn, strengt vírnet þar á og múrað þar utaná. Torfið var sóttur fram í Göngustaði, en það fór ekki betur en svo að það hitnaði í staflanum þar sem hann stóð á byggingarsvæðinu og kviknaði í öllu saman svo það þurfti að fara aðra ferð eftir nýju torfi. Byggingarmeistari við húsbygginguna var Benedikt Jónsson smiður í Vallholti, einnig kom Jón Stefánsson í Hvoli eitthvað að byggingunni. Finnur átti efri hæð hússins meðan hann lifði og ekkja hans Ásdís Jónsdóttir tók þá við eigninni og á hana enn. Páll átti neðri hæðina meðan hann lifði og kona hans Hallfríður Sigurjónsdóttir eftir hans dag. Dóttir þeirra Páls og Hallfríðar er skráður eigandi hæðarinnar frá 1989 til 2006 þegar hún selur núverandi eiganda Sigríði Dóru Friðjónsdóttur hæðina.



Athugasemd um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á Laxamýri 2 frá upphafi fyrir utan hefðbundið viðhald. Þó hefur verið skipt um glugga í húsinu og þeim breytt. Áður voru gluggar með einum standandi pósti sem skiptu glugganum í eitt lítið hólf og eitt stórt og einn liggjandi póstur sem skipti stærra hólfinu í stórt hólf niðri og lítið hólf uppi og í því laust fag. Núverandi gluggar eru með einum standandi pósti sem skiptir glugganum í tvö hólf, eitt stórt og annað lítið með lausu fagi.

Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess. Færa ætti þakskegg til fyrra horfs.

Sú heild sem hér um ræðir er mynduð af þeim fúnkis-húsum sem risu á fyrsta áratug eftir jarðskjálftann mikla árið 1934. Flest þeirra úr steinsteypu, tveggja hæða og mörg með valmapaki.

Athugasemd um umhverfi húss:

Lóðin er 500 m² í eigu Dalvíkurbyggðar. Garðurinn vel ræktaður og í góðri umhirðu. Hávaxin tré og snyrtilegir runnar. Malarbílastæði er norðanvið húsið og hellulögð gangstétt frá plani og að útitröppum á efrihæð og að útidyrum á neðrihæð norðan húss. Hlaðin stoðveggur úr steiptum steinum á lóðarmörkum fram við götu.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1948-1977 1965- á í dag	Finnur Sigurjónsson Ásdís Jónsdóttir	Ósk (1951) Þóra Jóna (1964)
1948-1954 -1962	Sigurjón Sigurjónsson Þóra Magnúsdóttir	
1953?-1955	Kató A. Valtýrsson	
1962-1963	Albína Bergsdóttir	
1989	Þóra Jóna Finsdóttir	
Neðri hæð 1948-1979 -1997	Páll Sigurðsson Hallfríður Sigurjónsdóttir	Kolbrún (1937)
1989-2006	Kolbrún Pálsdóttir	
1989?-1996 1989?-2002	Oliver Karlsson Ósk Sigríður Jónsdóttir	Jón Albert (1981)
2002-2004	Hafdís Jóhannsdóttir	
2006	Sigríður Dóra Friðjónsdóttir	
2012-	Sveinn Haraldsson	

Goðabraut 9. 1942 Reynifell (áður Goðabraut 7).
(Landnúmer: 151473 Fastanúmer: 2154817) bílskúr 1983.

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Jón Baldvinsson. Bílskúr, útveggir úr steinsteypu með flötu steypu þaki. Eitt hólf. Stærð: 8,00 x 4,50 x 2,85m. Alls 36,0 m². og 108,0 m³.

Stutt saga húss:

(Spjall við Jón Baldvinsson 4.11.2012).

Húsið Reynifell er byggt á mörkum Laxamýrartúns og Sognstúns á árunum 1942 – 44. Teikning er útgefin á Akureyri 12. júlí 1942 og gerð af Tryggva Jónatanssyni. Húsið er í fúnkis-stíl. Að öllum líkindum eru það þeir nafnar Jón Sigurðsson á Sigurhæðum og Jón Stefánsson í Hvoli sem byggja Reynifell. Það er Baldvin Loftsson og kona hans Bergþóra Jónsdóttir sem láta byggja og eiga húsið. Húsið er á tveimur hæðum, neðri hæð steipt en efri hæð hlaðin úr r-steini. Þakið er valmaþaki, pappklætt en steiptir þakkantar sem mynda þakrennu. Innréttingar í húsið smíðaði Jón Björnsson. Þegar húsið var að steypa neðri hæðina flutti Guðrún Friðfinnsdóttir, ekkja Loft Baldvinssonar frá Böggsstöðum og móðir Baldvins, þangað inn með öll sín börn. Það var 1947. Þau voru þar þangað til húsið er að byggja húsið að Bjarkarbraut 7 en þá flytur hún þangað með sínu fólki. Þau Baldvin og Bergþóra búa í húsinu allan sinn búskap eða þar til Baldvin dó árið 1978, þá eignuðust börn þeirra, þau Loftur, Arndís og Jón Þórir húsið. Jón keypti Reynifell sama ár af systkinum sínum þeirra hlut og á hann það enn í dag. Veturinn 1979 – 80 var húsið í leigu. Það var kennari, Jonfinn færeyskur maður með fjölskyldu, sem bjó í húsinu.



Athugasemd um húsið:

Reynifell er óbreitt frá fyrstu tíð. Gluggar hafa verið lagfærðir en ekki breyttir, skipt var um gler en eftir sem áður er mixað gler í því. Eftir að Jón eignast húsið lét hann fara í þakið, skipta um klæðningu að einhverju leiti, einangra með ull í stað reiðing sem var fyrir og endurnýjaði pappann. 2013 var farið í að setja nýtt járn á þakið og það látið ganga út fyrir steypu þakrennurnar sem voru fyrir. Þakkanturinn var klæddur með timbri og nýjar þakrennur settar framan á kantinn. Fyrir nokkrum árum var reykháfur fjarlægður. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.



Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 610,0 m². í eigu Dalvíkurbyggðar, ógirt. Fallegur trjágardur með ræktarlegu greni og reynitrijám. Hellulögð stétt frá Bjarkarbraut að inngangsdyr í kjallara og áfram að útitróppum á efrihæð. Bílskúr var byggður 1983, eftir teikningu Marteins Stefánssonar, útveggir úr steinsteypu, skúrin með flötu steypu þaki. Eitt hólf.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1944-1978 -1976	Baldvin Gunnlaugur Loftsson Bergþóra Jónsdóttir Guðrún Friðfinnsdóttir	Loftur (1936) Arndís (1942) Jón Þórir (1954) Guðlaug (1960) Guðjón Loftsson (1914) Aðalsteinn Friðrik (1915) Björgúlfur (1916) Sveinn Haukur (1919 dó 1945) Garðar (1920) Bergljót (1922) Lára (1924) Hildur Björk (1926) Sigríður (1927)
1953-1956	Davíð Sigurðsson	
1977-	Jón Þórir Baldvinsson Kristjana S Kristinsdóttir	Davíð Ingi (1981) Bergþóra (1986)
1979-1981?	Jonfinn Joensen Birna Halldórsdóttir	Drengur (1979)

Goðabraut 10. 1944 og 1982 (Þrastarhóll) (Landnúmer: 151474 Fastanúmer: 2154819).

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Pálmi Guðmundsson. Útveggir steinsteypfir, þak með lágu risi, járnklætt. Loft og stigar úr timbri. Kjallara skipt í 6 herbergi, gang, stigauppgöngu og bifreiðageymslu með steinsteypuskilrúmum. 1. hæð skipt með timbur og steinskilrúmum í 9 herbergi, gang, stigahús og anddyr. Stærð: 8,35 x 7,70 x 5,90 / 8,35 x 3,55 x 5,90 / 4,00 x 2,85 x 5,90. alls 210,7 m². og 620 m³.



Stutt saga húss:

(Spjall við Kollu Páls 27.10.2012).

Jóhannes Jóhannesson (Jói leikari) byggði Þrastarhól árið 1944. Það voru þeir Skeiðsmenn, mágur hans og tengdafaðir sem hjálpuðu honum við bygginguna. Húsið var byggt af miklum vanefnum. Þau hjónin Lára Sigurhjartardóttir frá Skeiði og Jóhannes fluttu fyrst inn í kjallarann áður en húsið er full klárað. Á efri hæðinni var klambrað saman herbergi þar sem Krístrún Hallgrímsdóttir frá Þorleifsstöðum kom sér fyrir og bjó um tíma. Jóhannes býr áfram í húsinu ásamt dóttur sinni, Jóhönnu eftir að Lára deyr 1957. Neðri hæðin var alltaf leigð út og voru margir sem komu þar við. Árið 1965 tók Jóhanna við Þrastarhóli ásamt manni sínum Antoni Gunnlaugssyni og áttu þau húsið til 1977 þegar þau selja þeim Pálma Guðmundssyni og Hafliða Ólafsyni Þrastarhól. Hafliði selur svo Pálma sinn part 1983 þegar hann flyst í nýbyggt hús sitt að Öldugötu 5 á Dalvík. Núverandi eigendur Atli Dagsson og Margrét Ásgeirsdóttir keyptu Þrastarhól af Pálma 1992.



Athugasemd um húsið:

Pálmi réðist í endurbætur og viðbyggingu við húsið eftir að hann eignast það allt 1983. Viðbygginguna teiknaði Óskar Pálmason, Byggingameistari á Dalvík. Hann byggði við húsið að norðan og vestan byggingu, jafnháa húsinu sjálfu, með sama þakhalla að austan en minni þakhalla að vestan. Á neðri hæð biðbyggingarinnar er bílskúr. Við sama tækifæri endurnýjaði Pálmi þakið á húsinu, einangraði það og skipti um járn og klæddi þakskegg að framan með timbri. Einnig var skipt út torfeinangrun sem var innan á útveggjum en sett í staðin steinull í timburgrind. Allir gluggar voru endurnýjaðir og þeim breitt. Eftir að Atli og Margrét tóku við húsinu, útbjuggu þau sólskála úr timburgrind með gleri í veggjum en tvöföldu plasti í þaki, áfast vesturhlið hússins. Þar inni er heitur pottur. Þrátt fyrir umtalsverðar breytingar frá upphaflegri gerð er húsið hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 500,0 m². í eigu Dalvíkurbyggðar. Hellulagt bílastæði er framan við húsið að bílskúrsdyrum og frá því og að útitröppum er steypst stétt. Steypur stoðveggur er á lóðarmörkum við götu framan við húsið. Skjólgirði er meðfram þeim vegg. Ræktarlegur garður kringum húsið með birki og reynitrájum. Við sólskálann er sólpallur úr timbri og timbur skjólveggur um hann á þrjá vegu.



Eigenda og íbúaskrá.

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1944 -1957	Jóhannes Jóhannesson Lára Sigurhjartardóttir	Jóhanna (1942)
1953?-1955	Arngrímur Arngrímsson Sólveig Jóhannesdóttir	
1953?-1954	Kristján Hólm Jóhannesson	
1955-1959	Þorbjörg Sigurðardóttir	
1960-1961	Jón Anton Jónsson Hekla Tryggvadóttir	Jón Smári (1958) Gunnar (1960)
1960-1961	Geir Snorrason María Steingrímisdóttir	Þóra Rósa (1953)
1961-1963	Þórir Pálsson Ósk Jónsdóttir	
1963-1966	Símon Erlendsson María Snorradóttir	Jónína (1963) Kristín Aðalheiður (1964)
1965-1977	Anton Gunnlaugsson Jóhanna Jóhannesdóttir	Jóhannes (1965) Gunnlaugur (1966) Sigurður Sveinn (1967) Freyr (1976)
1978-1979	Karl Leifsson Sveinbjörg Kristjánsdóttir	
1968-	Óskar Kristinn Júlíusson Snjólaug Aðalsteinsdóttir	
1977-1983	Hafliði Ólafsson	
1977-1992	Pálmi Guðmundsson Guðlaug Erlendsdóttir	Rut María (1969) Erlendur Vilberg (1979) Guðmundur Aðalsteinn (1983)
1992-Enn	Atli Dagsson Margrét Ásgeirsdóttir	Sindri Már (1988) Íða Guðrún (1992) Dagur (1997)

Goðabraut 11. 1948 Sigurhæðir.

(Landnúmer: 151475 Fastanúmer: 2154820)

(Landnúmer: 151475 Fastanúmer: 2154821)

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986).

Eigandi Hólmfríður Magnúsdóttir. Útveggur úr steinsteypu, valmaþak járnklætt. Efsta plata steipt svo og öll gólf, skilrúm og stigar. Efri hæð skipt í 5 herbergi, gang og anddyr. Eign á neðri hæð 42 m³. alls 105,5 m². og 303 m³. Stærð: 10,00 x 9,00 x 5,80. Byggður bílskúr 1976.

Stutt saga húss:

Það er Jón Sigurðsson byggingameistari sem byggði húsið og var því lokið 1948 og er þá búið að vera um tvö ár í smíðum. Þau hjónin Jón og kona hans Hólmfríður Magnúsdóttir bjuggu á efrihæð hússins en Jón var með smíðaverkstæði á neðri hæðinni. Þar smíðaði hann innréttingar og fleira og m.a. fjölda líkkista sem hann framleiddi í nokkrum stíl. Niðri var þá þvottahús og eitt herbergi þar sem þeir bræður Reinald og Sigurður höfðu en á ganginum framan við voru gjarnan geymdar tilbúnar líkkistur. Í suðurendanum og í tveimur öðrum herbergjum var svo smíðaaðstaðan. Seinna eftir að bílskúr var byggður norðan við húsið, flutti Jón smíðaverkstæðið þangað og þá innréttaði hann íbúð í kjallaranum á húsinu. Síðan hefur húsið verið tvíbýlt. Eigendur neðri hæðar: Sigurgeir Sigurðsson frá 1991 til 1999 þá keyptu Helgi Þorsteinsson og Þórunn Bergsdóttir hæðina og áttu hana til 2002 en seldu þá Davíð Erni Eggertssyni og Magdalenu Ýr Valdimarsdóttur. Þau eiga hæðina til 2006 og seldu þá Guðlaugu Erlendsdóttur sem seldi Guðmundi Aðalsteini Pálmasynti það sama ár og hann átti hæðina til 2013 er hann seldi núverandi eiganda JAM íbúðir ehf.



Eigendur efri hæðar: Eypór Hauksson og Sigríður Pálrún Stefánsdóttir eiga hæðina frá 1993 og selja hana Guðlaugu Erlendsdóttur 1997 sem selur Davíð Erni Eggertssyni og Magdalenu Ýr Valdimarsdóttur það sama ár. Þau eiga hæðina þar til þau selja Eggerti Briem 2007. Landsbankinn hf eignaðist hæðina 2013 og á hana nú.

Athugasemd um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á útliti hússins. Búið er að skipta um glugga í öllu húsinu en þeir hafa verið látnir halda upphaflegu útliti sínu. Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 480,0 m². í eigu Dalvíkurbyggðar. Malar bílaplan er norðan við húsið. Steipt stétt er frá götu að útidyratröppum vestan húss. Skjólgirði er á lóðarmörkum við götu vestan við húsið. Hávaxin reynitré er sunnan húss. Það var byggður bílskúr 1976 norðan og austan við húsið. Það var Óskar Pálmason byggingameistari á Dalvík sem teiknaði hann og Jón Sigurðsson sem var byggingameistari. Í þessum bílskúr var rekinn hársnyrtistofa um nokkurt skeið.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1948-1980 -1995	Jón Sigurðsson Hólmfríður Magnúsdóttir	Ósk (1936) Reinald (1938) Sigurður (1941) María Jóhanna (1943) Sigríður (1947) Filippía (1950) Kristín Jóna (1952)
1993-1997	Eyþór Hauksson Sigríður Pálrún Stefánsdóttir	Steinunn Ósk (1991) Elín Margrét (1993)
1997-2006	Guðlaug Erlendsdóttir	Erlendur Vilberg (1979) Guðmundur Aðalsteinn (1983)
2006-2007	Davíð Örn Eggertsson Magdalena Ýr Valdimarsdóttir	Viktor Máni (2002) Rebekka Ýr (2005)
1997-1998	Herdís Aðalheiður Geirsdóttir	
1998-1999	Jurifs Semjonova Natalja Semjonova	Jelena Semjonova (1982)
1998-2000	Antonina Kuznecova Sergejs Kuznecovs	Aleksejs Kuznecova (1986)
1999-2001	Ásgeir Guðjón Kristjánsson Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir	
2000-2004?	Erlendur Vilberg Pámason	
2001-2002	Sandra María María	
2007-2013 2009-2013	Eggert Briem Lenka Uhrová	Sara Hrund Briem (2012)
2013	Landsbandinn hf	
Neðri hæð		
1953?-1959	Sigtryggur Markússon	
1959-1960 1962-1964	Reinald Jónsson Sesselja Guðmundsdóttir	Sigríður Ósk (1959)
1959-1977	Hilmar Friðþórsson	
1960	Sigurður Jónsson Alda Eygló Kristjánsdóttir	Jón (1960) Hólmfríður Margrét (1962)

1961-1964	Guðmundur Jónsson María Jóhanna Jónsdóttir	Magnús Ingi (1961)
1968-	Filippía Jónsdóttir Stefán K Jónsson	(1969)
1975-1982	Lárus Gunnlaugsson Kristín Jóna Jónsdóttir	Róbert Freyr Jónsson (1972) Gunnlaugur Lárusson (1976)
1982-1983	Valdimar Þór Hrafnkelsson	Janus Þór (1978)
1988-1990	Magnús Ingi Guðmundsson Sólrún Lára Reynisdóttir	Guðmundur Jón (1980) Birkir (1983) Reynir (1985)
1990-1991	Óli Fjalar Ólafsson Anna Kristín Magnúsdóttir	Samúel Karl (1984)
1990-1991	Rúnar Óskarsson Guðlaug Inga Hreinsdóttir	Jóna Ruth (1987) Óskar Sigurður (1989)
1991-1992	Hjörtur Birgisson Sigrún Eva Karlsdóttir	
1992-1993	Þórbergur Egilsson Guðbjörg Halldórsdóttir	Hugrún (1990) Ólafur Jóhann (1992)
1991-1999	Sigurgeir Sigurðsson Kristrún Erla Gestsdóttir	
1999-2002	Helgi Þorsteinsson Þórunn Bergsdóttir	
2002-2006	Davíð Örn Eggertsson Magdalena Ýr Valdimarsdóttir	Viktor Máni (2002) Rebekka Ýr (2005)
2000-2004?	Guðlaug Erlendsdóttir	
2000-2011 2010-2011	Guðmundur Aðalsteinn Pálmason Pálína Ósk Lárusdóttir	Orri Freyr Guðmundsson (2009) Íris María Vilhjálmsdóttir (2002) Adam Breki Birgisson (2006)
2012-2013	Atli Þór Friðriksson Guðrún Magnúsdóttir	Rakel Saga (2012)
2013	JAM íbúðir ehf	

Bjarnarhóll 1935 (Svarfaðarbraut 17)

Landnr: 151760

Fastanr: 215-5295

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 9,2 – b: 8,2 – h: 3,5). Steinhús, ein hæð og ris. Fimm herbergi með steiptum milliveggjum. Risið ófrágengið. Miðstöðvarhitum. Ólúljós (1934) Húsráðendur: Þórarinn Þorsteinsson og Guðrún Björnsdóttir.

(*Fasteignarmat 1940*)

Eigandi og ábúandi: Þórarinn Þorsteinsson
Stærð túns 1 ha. Íbúðarhús tvöföld steinsteypa, 1 hæð, ris og pappapak. Miðstöð.

Stærð :9,2 x 8,2 x 3,0 m ágætt hús.

Fjós fyrir 2 kýr timbur, pappi, járnþak. Fjárhús fyrir 30 kindur torf m/ timburstafn. Hlaða 100 m³ járn á timburgrind.



(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*)

Eigandi Guðrún Björnsdóttir. Útveggir steinsteyptir. Járnlætt risþak. Gólf, loft og veggir steinsteyptir. Hæð skipt í 8 hólf. Stærð: 8,25 x 9,25 x 3,20 m. Viðbyggður skúr úr steinsteypu. Stærð: 3,10 x 4,10 x 2,30 m = 89,0 m² / 273,4 m³.

Stutt lýsing húss:

Bjarnarhóll er byggður 1934-5. Það eru þau hjónin Þórarinn Þorsteinsson, sonur Þorsteins Kaupmanns og kona hans Guðrún Björnsdóttin sem byggja húsið og flytja inn í það 1935. Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð, ris og pappaklætt þak. Guðrún bjó þar áfram eftir að Þórarinn dó til ársins 1987 þegar hún flutti á Dalbæ, heimili aldraðra. Húsið er í leigu í nokkur ár eða þar til Friðleifur H Hallgrímsson keypti það árið 1988. Friðleifur átti húsið í 3 ár eða þar til hann fellur frá langt fyrir aldur fram í desember 1991. Bryndís Björnsdóttir keypti Bjarnarhól að dánarbúi Friðleifs og bjó þar með sonum sínum til 1997 þegar hún seldi Aðalsteini M Þorsteinssyni. Núverandi eigandi Bjarnarhóls er Sigurður Halldórsson en hann keypti að Aðalsteini 2004.



Athugasemd um húsið:

Bjarnarhóll stendur á skjön við skipulagið, bæði hvað varðar legu húss miðað við húsalínuna við götuna og eins stendur það á smá hól sem setur það á annan stall en húsin í kring. Byggður var skúr með skúrþaki vestan við húsið eftir 1940. Þar er inngangur og forstofa. Húsinu hefur verið haldi allvel við. Upp úr 1985 var skipt um járn á þaki og stór reykþáfur sem gekk upp úr skúrbyggingu vestan húss var fjarlægður. Skipt var um alla glugga og þeim breitt. Áður var einn standandi póstur sem skipti glugganum í breitt gat og annað mjórra og breiðari gatinu skipt með þverpósti í stærra gat að neðan og lausi fagi að ofan. Núverandi gluggum er skipt með einum standandi pósti í breiðari rúðu og til hliðar laust fag. Í þeim gluggum þar sem ekki er laust fag er heil rúða ú öllum glugganum. Settar voru nýjar hurðir.



Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 317,0 m² í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóðin er ógirt og að hluta til ójöfnuð eða einskonar tún. Sunnanvið húsið eru líklega ein elstu grenitré á Dalvík það er líks lerki og birki. Aðalinngangurinn er austan á húsinu en hefur sennilega aldrei verið mikið notaður. Eftir að skúrinn var byggður bakvið húsið hefur hann verið aðalinngangur. Malarplan er frá Svarfaðarbraut að skúrnum að vestan.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1935-1966	Pórarinn Þorsteinsson	Friðþjófur (1932)
1935-1987	Guðrún Björnsdóttir	Ingibjörg (1933)
1955-1959	Friðþjófur Þórarinsson Kristín Gestsdóttir	<i>Þorsteinn (1955)</i> <i>Björn (1958)</i>
1963-	Ingibjörg Þórarinsdóttir	
1980-1985	Björn Friðþjófsson Helga Níelsdóttir	<i>Atli Viðar (1980)</i>
1987-1988	Björn Björnsson Sigríður Guðmundsdóttir	<i>Davíð Már (1985)</i>
1988-1992	Friðleifur H Hallgrímsson	
1992-1997	Bryndís Björnsdóttir	
1997-2004	Aðalsteinn M Þorsteinsson	Snædís Ósk (2000)
2002-	Friðrikka Jóhanna Jakobsdóttir	Lovísa Rut (2002)
2000-2002	Kristbjörn Arngrímsson Jenný Dögg Heiðarsdóttir	Birna Kristín (2000)
2000-2001	Kristín Gunnarsdóttir	Gunnar Páll Viðarsson (1989) Guðrún Ása Viðarsdóttir (1990)
2004	Sigurður Halldórsson	